

Siðareglur stjórnar Ölmu íbúðafélags hf.

1. Gildissvið og markmið

Reglur þessar gilda um stjórnarmenn Ölmu íbúðafélags hf., hvort sem er aðalmenn eða varamenn. Reglurnar skilgreina þá háttsemi sem stjórnarmenn skulu sýna af sér við störf sín. Markmið þeirra er að stuðla að góðu viðskiptasiðferði innan stjórnar félagsins og vera til leiðbeiningar fyrir stjórnarmenn.

2. Hagsmunaárekstrar

Stjórn skal í störfum sínum hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi og skulu ákvarðanir vera teknar í samræmi við það. Stjórnarmenn skulu leitast við að forðast hvers konar hagsmunaárekstra milli þeirra eða aðila þeim tengdum og félagsins.

3. Trúnaðarskylda

Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um hver þau málefni sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum fyrir félagið og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnar. Þá er það á ábyrgð stjórnarmanna að gögn sem þeir taka við eða fá aðgang að, og leynt skulu fara, komist ekki í hendur þriðja aðila. Þagnarskyldan helst þó stjórnarmaður láti af starfi.

4. Trúnaðarupplýsingar

Stjórnarmönnum er ekki heimilt að nýta sér trúnaðarupplýsingar sem þeir kunna að fá vitneskju um í störfum sínu fyrir félagið, sjálfum sér eða öðrum til framdráttar eða fjárhagslegs ávinnings. Allar upplýsingar um félagið sem ekki eru opinberar skulu vera taldar trúnaðarupplýsingar.

5. Viðskiptagjafir og mútur

Stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja hverskyns gjafir, fríðindi eða önnur verðmæti frá viðskiptavinum, væntanlegum viðskiptavinum eða öðrum hagsmunaaðilum. Undanskildar eru þó jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en almennt gerist um slíkar gjafir og ekki sé tilefni til að ætla að þær hafa áhrif á ákvarðanir stjórnarmanna eða að þær gætu gefið tilefni til efasemda um hlutleysi þeirra við ákvarðanatöku.

6. Ákvarðanataka

Ákvarðanir stjórnar skulu ávallt byggjast á heildstæðu og faglegu mati á öllum framkomnum upplýsingum. Stjórnarmenn skulu taka skref til þess að afla sér fullnægjandi upplýsinga um þau málefni sem til stendur að taka ákvörðun um.

7. Vanhæfi

Ef upp koma aðstæður sem valda vanhæfi eða gætu gefið tilefni til efasemda um hæfi skal stjórnarmaður tilkynna stjórn það fyrirfram. Í kjölfarið skal stjórn taka ákvörðun um hvort viðkomandi stjórnarmaður skuli víkja sæti á meðan á meðferð máls stendur. Sá stjórnarmaður sem hæfi varðar tekur ekki þátt í þeirri umræðu og ákvörðun.

8. Fylgni við lög og reglur

Stjórnarmenn skulu kynna sér og virða þau lög og þær reglur sem gilda um starfsemi félagsins auk þeirra innri reglna sem félagið hefur sett sér. Vakni grunur um mögulegt misferli skal umsvifalaust tilkynna slíkt til regluvarðar.

9. Eftirfylgni, birting o.fl.

Með undirskrift sinni staðfesta stjórnarmenn að þeir undirgangist þessar siðareglur og að þeir muni hafa þær að leiðarljósi í störfum sínum fyrir félagið. Skulu reglurnar vera aðgengilegar inni á heimasíðu félagsins.

10. Endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar á ársfresti eða oftar ef tilefni er til.

*Þannig samþykkt af stjórn
Ölmu íbúðafélags hf.,
22. okt. 2024*

*Gunnar Þór Gíslason
Eggert Árni Gíslason
Erna Gísladóttir*